# Menningarminjar í Loðmundarfirði í Norður-Múlasýslu

## Svæðisskráning

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS073-98082
Reykjavík 1999

# Efnisyfirlit

*Inngangur*......3
*Skrá um menningarminjar í Loðmundarfirði*......3
NM-234 Nes......3
NM-235 Neshjáleiga......6
NM-236 Stakkahlíð......8
NM-237 Arnastaðir......12
NM-238 Seljamýri......12
NM-239 Sævarendi......14
NM-239b Hjálmársströnd......16
NM-240 Klyppstaður......17
NM-241 Úlfstaðir......21
NM-242 Bárðarstaðir......22
NM-691 Fornleifar á fleiri en einni jörð......24
NM-692 Óstaðsetjanlegar fornleifar......25
*Heimildaskrá*......27

# Inngangur

Nú er unnið að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað. Samkvæmt þjóðminjalögum er fornleifaskráning lögbundin þáttur í skipulagsstarfi og var leitað til Fornleifastofnunar Íslands um skráningu fornleifa á Héraði og í Borgarfirði eystra. Öll skráningarvinnan fór fram eftir kerfi Fornleifastofnunar Íslands og að henni lokinni eru til upplýsingar um fornleifar á öllu skráningarsvæðinu í einum gagnagrunni.

Í þessari skýrslu er birt minjaskrá Borgarfjarðarhrepps hins forna og skrá um þær heimildir sem notaðar voru. Nánari greinargerð um aðferðir þær sem beitt var, byggðasögu og sögu fornleifaskráningar er að finna í skýrslunni *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. Heildarfjöldi fornleifa í Loðmundarfirði eru 132 staðir á 10 jörðum sem eru að meðaltali 13,2 fornleifar á jörð. Auk þeirra eru 11 fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð og eru það helst götur og vegir innansveitar sem utan. Einnig eru fjórir minjastaðir sem ekki var unnt að staðsetja innan ákveðinna jarða. Heimildarkönnunin var unnin af Sædísi Gunnarsdóttur sem vann þessa skýrslu ásamt Orra Vésteinssyni.

# Skrá um menningarminjar í Loðmundarfirði

## NM-234 Nes

16 hdr. 1695, 1847. 1354: Desjamýrarkirkja á sauðbeit í landi N. DI III, 97-98. Í máldaga Klyppstaðkirkju frá um 1367 segir að kirkjan eigi er skipgöngu í Neslandi. DI III, 239-240. 1497: Björn Guðnason geldur og gefur Ragnheiði Bjarnadóttur fyrir þær jarðir sem hún á á Austfjörðum, sem voru m.a. Nes. DI VII, 369. 1498: Nes selt Skriðuklaustri. DI VII, 393-394. 1506: Þorvarður Bjarnason greiddi Þorvarði príor Nes fyrir þær jarðir sem Þorvarður príor keypti af honum. DI VIII, 119-112.

Skriðuklausturseign. 1847, hjáleiga Neshjáleiga. “Landamörk N og Seljmýrar, sem er næsti bær inn með firðinum, eru frá sjó við Merkilæk, sem er sýndur á korti ónafngreindur milli bæjanna. Ofan við veg og uppi í fjallinu á Seljamýri mjóa spildu utan við lækinn, og liggja mörkin um Hrafnatinda og upp í Goðaborgir.” SJM II, 449. 1918: Tún 5,0 ha, garðar 630 m2. “Nesbærinn stendur niðri undir sjó og túnið nær á bakkabrún. Fosslækur fellur um túnið framan við bæinn og utan við bæ Borgarlækur og hefur grafið gil í túnið, Borgargil. Ofan við tún er aflýðandi mýrarstykki um 1,5 km á breidd, og skiptist um lágan bergstall í Neðrimýri og Engjar ofan við stallinn. Aðalslægjulöndin voru á þessum mýrum og auk þess á

Sláttumýri, allstórri spildu inn við Merkilæk.” 1917: “Tún í góðri rækt og grasgefið, þriðjungur sléttur. Engjar greiðfærar, nærtækar, sæmilega grasgefnar, heygóðar, bæði þurrar og votar, engjavegur góður.” SJM II, 449-450.

**NM-234:001** *Nes* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

**NM-234:002** heimild rétt
“Galdra-Imba bjó á N á síðari hluta 17. aldar ... Tótt í túni er kölluð fjárrétt hennar.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 449

**NM-234:003** heimild leið
“Gata lá frá Gerði, grónu svæði við vesturhorn melanna, til fjalls upp Gerðisbrekku, melbrekku nokkuð háa og bratta og síðan út og upp á Nesháls. Þar gátu gangandi og lausíðandi vegfarendur stytt sér leið á veginn á hálsinum.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 450

**NM-234:004** heimild leið
1917: “Tún í góðri rækt og grasgefið, þriðjungur sléttur. Engjar greiðfærar, nærtækar, sæmilega grasgefnar, heygóðar, bæði þurrar og votar, engjavegur góður.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 449-450

**NM-234:005** *Borgarlækur* örnefni
“Nesbærinn stendur niðri undir sjó og túnið nær á bakkabrún. Fosslækur fellur um túnið framan við bæinn og utan við bæ Borgarlækur og hefur grafið gil í túnið, Borgargil.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 449-450

**NM-234:006** *Torfhvammur* örnefni rista
“Neðan undir klettunum í Grjótbrúninni [sjá 005] er brekka ofan á annan minni hjalla er Sniðhjalli heitir. Neðan undir honum eru nokkuð brattar og lengri brekkur en fyrir ofan hann, er Sniðbrekkur heita; ná þær niður að nokkuð stóru graslendi, en Engihjalli heitir. Vestur af honum beint upp af Nestúni upp undir brekkunum er grasivaxinn hvammur, er Torfhvammur heitir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nes, 2-3

**NM-234:007** *Gerðisfjara* örnefni
“Merkilækjarbás heitir þar, sem Merkilækur rennur til sjávar. Austan við hann er tangi, er Merkilækjartangi heitir. Austan hans er fjara, er Gerðisfjara heitir ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nes, 3

**NM-234:008** heimild lending
“Austan við Gerðisfjöruna [007] er löng fjara undir Nesmelum, er Melfjara heitir. Hún nær austur á móts við Nestún vestan við. Austan við hana er klettatangi og austan í honum vogur, er Hundavogur heitir. Austan við hann er stakur klettur í sjónum, toppmyndaður, er Kerling heitir. Í vog þessum er hægt að afferma og ferma báta, er sjóveður leyfir.” segir í örnefnalýsingu. Sennilega lendingar staður, nema þeir hafi fermt úti í sjónum.
Heimildir: Ö-Nes, 4

**NM-234:009** heimild hjallur

“Austan við vog þennan er alllöng, nokkuð grýtt malarfjara, er Nesfjara heitir. Austan við fjöru þessa er forvaði og austan hans önnur fjara, er Hellisfjara heitir. ... Stórgrýtt fjara er austan við Hellisfjöruna, en austan við hana er vogur, er Hvalvogur heitir. Nokkru fyrir austan hann er dálítill tangi, er Hjalltangi heitir. Á honum stóð áður fiskihjallur, er notaður var fyrr á árum er róið var til fiskjar frá Nesi á árabátum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Nes, 4

**NM-234:010** *Miðlending* örnefni lending

“Austan við tangann [Hjallatanga 009] er dálítið breiður, en stuttur vogur og austan við hann lágar, hallandi klappir, en dálítið hár bakki fyrir ofan. Vogur þessi og klappir og dálítil malarfjara við enda vogsins heitir einu nafni Miðlending.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Nes, 4

**NM-234:011** heimild lending

“Klappirnar halda áfram dálítið austur frá Miðlendingunni og enda þar, sem áðurnefndur Neshjáleigulækur rennur í sjóinn. Austasta hornið á þeim heitir Lækjarklöpp. Er þar stundum lagt að á árabátum, þegar erfitt er að lenda.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Nes, 4

**NM-234:012** *Hesthúshóll* örnefni hesthús

“Upp af bænum á Nesi er hóll í túninu, er Hesthúshóll heitir og dálítið fyrir ofan hann er svæði í túninu, er Björnskofatún heitir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Nes, 4-5

**NM-234:013** *Björnkofatún* örnefni útihús

“Upp af bænum á Nesi er hóll í túninu, er Hesthúshóll heitir og dálítið fyrir ofan hann er svæði í túninu, er Björnskofatún heitir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Nes, 4-5

**NM-234:014** *Goðaborgir* örnefni

“Landamörk N og Seljmýrar, sem er næsti bær inn með firðinum, eru frá sjó við Merkilæk, sem er sýndur á korti ónafngreindur milli bæjanna. Ofan við veg og uppi í fjallinu á Seljamýri mjóa spildu utan við lækinn, og liggja mörkin um Hrafnatinda og upp í Goðaborgir.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 449

**NM-234:015** *Gerði* tóft

“Í Gerði virðast vera tættur.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu. Gæti verið sama nafn og Gerðisfjara 007.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur, ath 11

**NM-234:016** *Hjallatangi* örnefni hjallur

“Hjallatangi gæti dregið nafn af hjalla undir fiskmeti.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur, ath 11

**NM-234:017** *Alviðrisvogur* heimild lending

Í Máldaga K frá 1367 segir að kirkjan eigi: “skipgongu j alvidrisvogi j neslandi.”

Heimildir: DI III, 239-240

**NM-234:018** heimild bænhús

Heimildir: PP

## NM-235 Neshjáleiga

Hjáleiga Ness. “Landamörk við Innri-Álftavík, sem er óskipt eign Nesbæja, eru við sjó á utanverðum Landsenda rétt innan við Nesflug og upp á Álftavíkurfjall, en liggja síðan norðaustan háfjallið á Dagmálafjalli. Vatnaskil ráða síðan land- og hreppamörkum um Nónfjall og Sandskeið á Neshálsi, en mörk N og Ness eru á fjalli rétt innan við Landsendaá, sem fellur þráðbeint niður af hálsinum, en beygja síðan fram og niður og koma í sjó rétt innan við túnið. Þar rennur Nesjahjáleigulækur á mörkunum.” SJM II, 448.

1918: Tún 3,0 ha, garðar 180 m2. “Kögumýri utan við túnið og Landsendi austan við ána. Engjar voru þar, fremur snöggar um mýrlendið, og auk þess dálitlar fjallaslægjur upp eftir dalnum.” 1917: “Tún fremur deiglent, ræktargott og grasgefið, þriðjungur sléttur, hitt greiðfært. Engjar fremur snöggar, mest sléttlendi, votar, samfelldar, áfastar túni.” “SJM II, 448.

**NM-235:001** *Neshjáleiga* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

**NM-235:002** heimild leið

“Nesflug er utan við Landsenda þverbrött að sunnanverðu Álftavíkurfjalli í sjó niður nema innst; þar er vík og klapparvogur. Tvær eru rákir um flugin færar að kalla, neðar Nesrák með tæpri fjárgötu í móhellulagi en gínandi hengiflugi fyrir neðan og ofar Skjaldarrák sjaldfarin, en greiðgengari en hin.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 448

**NM-235:003** heimild leið

“Nesflug er utan við Landsenda þverbrött að sunnanverðu Álftavíkurfjalli í sjó niður nema innst; þar er vík og klapparvogur. Tvær eru rákir um flugin færar að kalla, neðar Nesrák með tæpri fjárgötu í móhellulagi en gínandi hengiflugi fyrir neðan og ofar Skjaldarrák sjaldfarin, en greiðgengari en hin.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 448

**NM-235:004** *Álftavík [Innri]* tóft verbúð

“Utan við flugin er Innri-Álftavík, upp undir tveim km. innar en merkt er á korti (útg. 1955) ... Munnmæli eru, en eigi ritaðar heimildir nema tvíræðar, um byggð þar. Olavíus nefnir Álftavík í eyðibýlaskrá og tilgreinir orsakir þess að byggðin lagðist í eyði: “þar er öll býlin eru stórskemmd af skriðum og sjógangi.” Orðalagið öll býlin bendir til fleiri býla en Ytri-Álftavíkur. Tættur eru á Innri-Álftavík á sléttur sjávarbakka og örnefnið Bæjarstæði upp af lendingu í vogi. Gætu það verið verbúðartættur.” segir í Sveitum og jörðum. Í Örn. skrá eru húsatætturnar á bakkanum kallaðar Bæjarstæði.

Heimildir: SJM II, 448; Ö-Neshjáleiga, 4

**NM-235:005** *Alftavík innri/Bæjarstæði* bæjarstæði býli

“Utan við flugin er Innri-Álftavík, upp undir tveim km. innar en merkt er á korti (útg. 1955) ... Munnmæli eru, en eigi ritaðar heimildir nema tvíræðar, um byggð þar. Olavíus nefnir Álftavík í eyðibýlaskrá og tilgreinir orsakir þess að byggðin lagðist í eyði: “þar er öll býlin eru

stórskemmd af skriðum og sjógangi."  Orðalagið öll býlin bendir til fleiri býla en Ytri-Álftavíkur.  Tættur eru á Innri-Álftavík á sléttur sjávarbakka og örnefnið Bæjarstæði upp af lendingu í vogi.  Gætu það verið verbúðartættur." segir í Sveitum og jörðum.  Í Örn. skrá eru húsatætturnar á bakkanum kallaðar Bæjarstæði.

Heimildir:  SJM II, 448; Ö-Neshjáleiga, 4; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183; ÓO: Ferðabók II, 143

**NM-235:006** heimild lending

"Utan við flugin er Innri-Álftavík, upp undir tveim km. innar en merkt er á korti (útg. 1955) ... Munnmæli eru, en eigi ritaðar heimildir nema tvíræðar, um byggð þar.  Olavíus nefnir Álftavík í eyðibýlaskrá og tilgreinir orsakir þess að byggðin lagðist í eyði: "þar er öll býlin eru stórskemmd af skriðum og sjógangi."  Orðalagið öll býlin bendir til fleiri býla en Ytri-Álftavíkur.  Tættur eru á Innri-Álftavík á sléttur sjávarbakka og örnefnið Bæjarstæði upp af lendingu í vogi.  Gætu það verið verbúðartættur." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir:  SJM II, 448

**NM-235:007** *Biskupsþúfa* örnefni

"Frá Neshjáleigu liggja götur upp á Nesháls, sem farið er eftir til Húsavíkur.  Þegar farið er upp frá Neshjáleigu, er komið upp að brattri brekku vestan Neshjáleigudalsins.  Neðan undir þessari brekku er dálítil grasþúfa, er heitir Biskupsþúfa, en brekkan sjálf heitir Oddar. Göturnar liggja í skásneiðingum upp Odddana.  Þegar kemur lengra norður á Neshálsinn, og liggja göturnar um langan mel, sem vörður eru á og sem heitir Vörðumelur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir:  Ö-Neshjáleiga, 1

**NM-235:008** varða samgöngubót

"Frá Neshjáleigu liggja götur upp á Nesháls, sem farið er eftir til Húsavíkur.  Þegar farið er upp frá Neshjáleigu, er komið upp að brattri brekku vestan Neshjáleigudalsins.  Neðan undir þessari brekku er dálítil grasþúfa, er heitir Biskupsþúfa, en brekkan sjálf heitir Oddar. Göturnar liggja í skásneiðingum upp Odddana.  Þegar kemur lengra norður á Neshálsinn, og liggja göturnar um langan mel, sem vörður eru á og sem heitir Vörðumelur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir:  Ö-Neshjáleiga, 1

**NM-235:009** *Stekkjartangi* örnefni stekkur

"Næst Landsendaánni eru klettar, er Árklettar heita, en nokkuð fyrir austan þá eru klettabríkur, er Krubbuklettar heita.  Tangi, er Stekkjartangi heitir, er þar fyrir neðan." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir:  Ö-Neshjáleiga, 2

**NM-235:010** heimild fjárhús

"Örnefni meðfram sjónum í Neshjáleigulandi eru eins og hér á eftir greinir: Neðan við Neshjáleigutúnið er dálítill klettatangi fram í sjóinn, er Skastatangi heitir .  Harðvelli eða tún er upp á bakkanum fyrir ofan tangann.  Þar hafa lengi staðið fjárhús, en eru nú niðurlögð." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir:  Ö-Neshjáleiga, 2

**NM-235:011** heimild lending

"Suðaustur af Neshjálegiutúninu er annar nokkuð langur klettatangi, sem Skúrklöpp heitir. Allmikið dýpi er meðfram henni að vestan og hafa bátar oft verið affermdir og fremdir þar, þegar sjóveður leyft." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Neshjáleiga B, 3

**NM-235:012** tóftir sjóbúð

"Ofan við Skúrklöpp er Sjóskurhæð, öll útgrafin af tóttum eftir sjóbúðir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Neshjáleiga B, 4

**NM-235:013** tóftir sjóbúð

"Rétt austan við Kögrið [austan við 012] er nokkuð langur vogur, hann heitir Alviðruvogur. Þar var útræði áður fyrr, enda eru margar sjóbúðatóttir við voginn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Neshjáleiga B, 4

**NM-235:014** *Vígi* örnefni

"Nokkuð fyrir utan Keflafjöru [austan við Stekkjartanga 009] er allangur og djúpur vogur, sem Vígisvogur heitir, en utan við hann er há klettabrík, sem er þunn næst landi, en breikkar allmikið utan og er þar grasivaxið. Þessi brík heitir Vígi. Gömul sögn er, að þar hafi til forna einn maður varist mörgum óvinum, enda er aðstaða mjög góð til þess." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Neshjáleiga B, 4

## NM-236 Stakkahlíð

12 hdr. 1695, 1847. Máldagi frá um 1367, "Mariukirkia a Klifstad j Lodmundarfirdi ä alltt heima land med gognum oc giædum. skog j stackahlijdar land firir ofan reidgotur nedri vt til Hraunär so langt sem skogur vex vpp. og til geilar þeirrar sem geingur fyrer framan titlingshol. Hun ä xiiij fota torfgrof j sama jardar land fyrer vtan skaga" DI III, 239-240. 1397: S nefnd í máldaga Klyppsstaðar. DI IV, 223.

Skriðuklausturseign. Landamörk við Seljamýri eru við Stóru-Hrauná og síðan Skúmhattardalsá, en að innan liggja Klyppsstaðamörk um beina línu af suðausturröð Karlfells og niður um miðjan Skaga og síðan sömu stefnu í Fjarðará, sem efitr það ræðum mörkum út að Lóni. ... Að neðan takmarkast Stakkahlíðarland við Fjarðará og fjarðarbotn og mörk við Sævarenda töluvert sunnan við árósinn."" SJM II, 453-454. 1918: Tún 5,3 ha, garðar 434 m2. "Á láglendinu inn af lóininu eru auk Stakkahlíðarhóla, utangarðsins frá hrauninu, flatlendar, grasgefnar blár báðum megin hólanna. Þær voru að nokkru ræstar fram, skömmu áður en jörðin fór í eyði og bíða þar þurrar langar spildur nýs landnáms. Engjar voru auk þess í höllum upp af flatlendinu, einkum á Stakkahlíðarennum innan við tún." 1917: "Tún ræktargott, garðlent, sæmilega grasgefið, þriðjungur sléttur, hitt greiðfært þýfi og hólar. Engjar, véltækjar með pörtum, hægt að þurrka á þeim, liggja út frá túni, samfelldar heygóðar." SJM II, 454-455.

**NM-236:001** *Stakkahlíð* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

**NM-236:002** *Orustukambur* örnefni

"Um Fitjarnar liggja fjallaleiðir: Upp Hraundal, sem liggur á móti Hraundal á Hérað með 460 m háu varpi, sem einu sinni hefur verið lagt undir bíl. Þar var fyrr gönguleið til Héraðs, en ekki fjölfarin. Önnur leið liggur um Orustukamb og í Kækjuskörð til Borgarfjarðar, önnur aðalleið þangað." segir í Sveitum og jörðum. Þar sátu Loðmfirðingar fyrir presti á Desjamýri.

Heimildir: SJM II, 454

**NM-236:003** heimild lending
“Ósinn [Fjarðarárós] verður ófær í brimum, en er annars bátgengur og lending í kíl inn af við grasbakka.” segir í örnefnalýsingu. segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 454

**NM-236:004** heimild fjárhús
“Úr torfi og grjóti: Tvenn fjárhús (´58-´62) f 200, hesthús (´65) f. 6.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 455

**NM-236:005** heimild fjárhús
“Úr torfi og grjóti: Tvenn fjárhús (´58-´62) f 200, hesthús (´65) f. 6.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 455

**NM-236:006** heimild hesthús
“Úr torfi og grjóti: Tvenn fjárhús (´58-´62) f 200, hesthús (´65) f. 6.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 455

**NM-236:007** heimild rétt
Í sveitum og jörðum segir að húsum og rétt sé haldið við.
Heimildir: SJM II, 455

**NM-236:008** garðlag áveita
“Um 300 m áveitugarður í Stakkahlíðarblá innan og neðan við tún, hlaðinn af Stefáni Gunnarssyni um 1850.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 455

**NM-236:009** heimild mylla
Í Sveitum og jörðum segir að vatnsmylla hafi verið á jörðinni.
Heimildir: SJM II, 455

**NM-236:010** *Stekkur* heimild beitarhús
“Beitarhús á svon. Stekk um 10 mín. gang inn og upp af bæ.” segir í Sveitum og jörðum. “Á graslendinu austan undir Háskaganum var áður beitarhús og dálítið tún í kringum það. Húsið er niðurlagt fyrir nokkrum árum, en túnið vex nokkuð enn. Þessi staður heitir Stekkur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 455; Ö-Stakkahlíð, 4

**NM-236:011** *Torfholt* örnefni rista
“Austan við hann [Bæjarlækinn] neðan við Stakkahlíðartún er slétt grassvæði, að mestu mýrlent, er heitir Fit. Neðan við svæðið þetta - Fitina - er sveigmyndað gróið holt, er Torfholt heitir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stakkahlíð, 1

**NM-236:012** *Skipamelur* örnefni
“Vestan við kílinn nær Lónunum er fremur lágur ávalur, gróinn melur, er Skipamelur heitir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stakkahlíð, 3

**NM-236:013** heimild fjárhús

“Upp af Stekknum [012] en austan Langahryggs er nokkurt melasvæði,. sem nær upp að brattri brekku, sem er austur frá efri enda Langahryggsins, sem oftast er nefndur Langahryggskollur. Melasvæði þetta heitir Fremri-Melar, og gildir það nafn einnig um allstórt svæði austan Stórabotns, sem áður er nefndur. Austan við Fremri-Melana er allstórt graslendi, er liggur upp frá Stakkahlíðarennum austan til. Graslendi þetta heitir Slátulág. Austan við hana eru melar, allmikið grónur, er Borgarhólsmelar heita.” segir í örnefnalýsingu. “Borgarhóll er teigur og þótti góð dagslátta. Einhvern veginn hvíldi á honum, að það hirtist ekki af honum fyrir höfuðdag. ... Á Borgarhóli var alltaf fjárhús. Þegar Sigurður gróf fyrir fjárhúsi þar, fann hann hleðslur og brýnisstubba.” segir í athugasemdum í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stakkahlíð, 4; Ö-Loðmundarfjarðarhreppur, ath 7-8

**NM-236:014** *Svarðarmelur* örnefni mógrafir

“Nokkuð fyrir neðan Gránumel í Borgarhóslmelum [sjá 013] er kringlótt graslaut, er Hryggjarlaut heitir. Austan við hana er nokkuð stór melhryggur, er heitir Svarðarmelur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stakkahlíð, 5

**NM-236:015** *Kvíaból* örnefni kvíar

“Neðan undir brekkum þessum [beint upp at túninu] austast er allstór melur, er heitir Kvíamelur. Er hann framhald af dálítilli hæð norðaustast í Stakkahlíðartúni, er Kvíaból heitir.” segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdur segir að færikvíar hafi verið notaðar á Kvíabólinu.

Heimildir: Ö-Stakkahlíð, 5; Ö-Stakkahlíð ath, 1

**NM-236:016** gata leið

“Nokkru austar í hrauninu [Þorskhausahraun, steinn ekki langt frá læknum] er langur hryggur, er liggur frá norðri til suðurs. Nafn hans er Króarhryggur. Skammt ofan við götur, sem liggja neðan til yfir hrygginn, er stór steinn, er Dagmálasteinn heitir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stakkahlíð, 6

**NM-236:017** *Öskuhaugur* örnefni öskuhaugur

“Norðan til á honum [Dagmálasteini sjá 016] er hár, strýtumyndaður melhóll er Öskuhaugur heitir.” segir í örnefnalýsingu. “Öskuhaugur er ljósbleikur eða grálegur hóll. Í þjóðtrúnni átti þetta að vera öskuhaugur Loðmundar.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stakkahlíð, 6; Ö-Loðmundarfjarðarhreppur, ath 8

**NM-236:018** *Stekkarhraun* örnefni stekkur

“Neðst í hrauninu [sjá 017] nokkru austur af Króarhryggjum er stuttur melhryggur og á honum stórir steinar; hann heitir Sjónarhraun. ... Austan við Sjónarhraunið eru dálítið hallandi balar, lyng- og grasigrónir, er Hestabalar heita. ... Austan við Hestabalana og Ærhólinn tekur við allstórt, stórgrytt hraunsvæði, er Stekkarhraun heitir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stakkahlíð, 6

**NM-236:019** heimild mógrafir

“Þar [við Stekkinn 010] var líka svarðartekja, sú bezta í Stakkahlíð, svona 5-6 stungur, og var hann þurrkaður á bletti utan við fjárhúsin.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stakkahlíð ath, 1

**NM-236:020** heimild leikvöllur

“Steinhóll [skammt austan við Kvíabólið] er urðarhryggur, en upp úr honum stendur smá stýtumyndaður steinn, svona tæplega hnéhár sunnan til. Steinhóllinn var ávalt leikvöllur Stakkahlíðarbarna; þar höfðu þau sinn búskap.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stakkahlíð ath, 1

**NM-236:021** *Stekkur* heimild rétt

“Stekkur, gömul rétt suðvestan við Sjónahraun ofan við Arnarhóla.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stakkahlíð ath, 2

**NM-236:022** gripir

Í Orustukambi fannst ryðgað sverðsblað, segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjörður, 3

**NM-236:023** tóft

“Í Stórabotni eru tættur, ein stór og önnur minni. Þar átti að vera falin einhver gersemi. Ekki mátti grafa þar í á sunnudegi. það boðaði ógæfu.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur ath, 7

**NM-236:024** heimild brú

“Brú kom ekki á ána við Brúarhvamm fyrr en 1882.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur ath, 9

**NM-236:025** heimild leið

Máldagi frá um 1367, “Mariukirkia a Klifstad j Lodmundarfirdi ä alltt heima land med gognum oc giædum. skog j stackahlijdar land firir ofan reidgotur nedri vt til Hraunär so langt sem skogur vex vpp. og til geilar þeirrar sem geingur fyrer framan titlingshol. Hun ä xiiij fota torfgrof j sama jardar land fyrer vtan skaga”

Heimildir: DI III, 240

**NM-236:026** heimild rista

Máldagi frá um 1367, “Mariukirkia a Klifstad j Lodmundarfirdi ä alltt heima land med gognum oc giædum. skog j stackahlijdar land firir ofan reidgotur nedri vt til Hraunär so langt sem skogur vex vpp. og til geilar þeirrar sem geingur fyrer framan titlingshol. Hun ä xiiij fota torfgrof j sama jardar land fyrer vtan skaga”

Heimildir: DI III, 240

**NM-236:027** gripir

“Baldvin Jóhannesson, Stakkahlíð í Loðmundarfirði: Steinkola úr gráleitum steini, eitlóttum; l. 15,8sm., br., 7,7 sm, mest, fremst, afturmjó, og er nær sívöl um tangann. Holan stórbaugsmynduð. l. 8, br. 5, dýpt 1,6 sm. - Fannst í gömlum rústum í Stakkahlíð.”

Heimildir: MÞ Árbók 1917, 35

**NM-236:028** heimild

“Baldvin Jóhannesson, Stakkahlíð í Loðmundarfirði: Steinkola úr gráleitum steini, eitlóttum; l. 15,8sm., br., 7,7 sm, mest, fremst, afturmjó, og er nær sívöl um tangann. Holan stórbaugsmynduð. l. 8, br. 5, dýpt 1,6 sm. - Fannst í gömlum rústum í Stakkahlíð.”

Heimildir: MÞ Árbók 1917, 35

## NM-237 Arnastaðir

6 hndr 1847. Í máldaga K frá um 1367 segir að kirkjan eigi skógarítak á Arnarstöðum. DI III, 239-240. Skriðuklausturseign. HÞ: Arnarstaðir (Árnastaðir), Arnar réttar en hitt vara. Árbók 1923, 92. "Að utan eru mörk við Úlfsstaði (Úlfsstaðapartinn sunnan Fjarðarár), við Melaá, sem er ein margra þveráa og lækja, sem koma af hinum háa fjallgarði milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar inn af "Hjálmu", eins og Hjálmárdalsheiði er stundum kölluð." Jörðin í eyði síðan 1940. SJM II, 461-462.

1918: Tún 2,5 ha, garðar 210 m2. Undirlendi er aðeins spilda inn með Fjarðará, utan við tún hallandi grundir og mýrardrög að fjallsrótum og innan við túnið dálítið sléttlendi inn með ánni en ofar hallandi enni upp að fjalli. ... Engjar þola engan samjöfnuð við aðrar jarðir í sveitinni, en þó kemur fram í F ´18, að þær "hafa gerið af sér 200 hesta síðustu árin, en ekki nærri slegnar upp." ... Túnið var þýft nema um tvær dagsláttur, sem sléttaðar voru um 1930 og ógirt." SJM II, 461-462.

**NM-237:001** *Arnastaðir* bæjarhóll bústaður
"Þar var við búsetulok torfbær, baðstofa portbyggð 8x5 álnir, alþiljuð uppi og niðri og í sömu tótt búr og eldhús, fjárhús öll úr torfi en undir járni, dreifð um tún. Fyrsta torfhlaðan með járnþaki var byggð 1934." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 462

**NM-237:002** *Arnastaðir* heimild fjárhús
"Þar var við búsetulok torfbær, baðstofa portbyggð 8x5 álnir, alþiljuð uppi og niðri og í sömu tótt búr og eldhús, fjárhús öll úr torfi en undir járni, dreifð um tún. Fyrsta torfhlaðan með járnþaki var byggð 1934." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 462

**NM-237:003** heimild hlaða
"Þar var við búsetulok torfbær, baðstofa portbyggð 8x5 álnir, alþiljuð uppi og niðri og í sömu tótt búr og eldhús, fjárhús öll úr torfi en undir járni, dreifð um tún. Fyrsta torfhlaðan með járnþaki var byggð 1934." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 462

**NM-237:004** *Gildruhraun* örnefni refagildra
"Meðfram Fjarðaránni dálítið fyrir innan Miðmundarána er lágur klettaás og nokkru [svo], er Gildruhraun heitir." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Árnastaðir, 1

**NM-237:005** þjóðsaga
Árni á að vera heygður í holti norðan frá bæ sínum. Þar eiga að hafa fundist fornminjar.
Heimildir: ÞSS 1986 VI, 51

## NM-238 Seljamýri

6 hdr. 1695, 1847. 1497: Björn Guðnason geldur og gefur Ragnheiði Bjarnadóttur fyrir þær jarðir sem hún á á Austfjörðum, sem voru m.a. Seljamýri." DI VII, 369. 1525: Kvittunarbréf vegna sölu Þorkels Erlendsonar til Þorvarðs á Seljamýri. DI IX, 280-281. Klyppsstaðakirkjueign. Því hefur verið haldið fram að Seljamýri hafi verið byggð upp á

selstöðu frá Nesi og Stakkahlíð. HÞ: Seljamýri réttara en Seljarmýri. Árbók 1923, 92. "Mörk við Nes eru við Merkilæk og við Stakkahlíð við Stóru-Hrauná, fylgja ánni upp að mynni Skúmhannardals og síðan Skúmahattadalsá. Handan vatnaskila er stafn Húsavíkur. ... S á Skúmahattardal suðaustan ár. Þar er gönguleið til Húsavíkur. Fyrr á S land að Hrauná allt inn á Hraundalsvarp, en Baldvin Jóhannesson keypti fyrir búsmalaland innsta og efsta svæðið, norðvestur af Skúmhattardalsá, samdi við það við séra Björn á Dvergasteini, umráðamann Klyppsstaðakirkju, sem átti S eins og fyrr segir." SJM II, 451.

1918: Tún 4,9 ha, garðar 552 m2. "Á undirlendinu eru flatar lágmýrar fram af bæ, Seljamýrarblá, gott stórgripahaglendi og ræktunarland með framræslu, en þótti lélegt engi. Aftur á móti þótti afbragðsendi, stórt og að mestu rennislétt og véltækt, á Seljamýri austur af efri hluta túns, upp af brekkum og út að Merkilæk." 1917: "Tún í góðri rækt, en harðlendt og ekki grasgefið, þriðjungur þýfður, hitt greiðfært. Engjar blár og hallandi mýrar í melallagi grasgefnar, greiðfærar, fremur votlendar, samfelldar, nærtækar, hey létt en hollt. Beitiland gott bæði sumar og vetur, en snjóþungt að jafnaði. Fjöruvbeit venulega góð s. hl. vetrar." SJM II, 451.

**NM-238:001** *Seljamýri* bæjarhóll bústaður

".... en annað sel hefur væntanlega verið á gamla bæjarstæðinu norðaustur af því yngra og nær fjalli. Hefur þá byggst upp á neðra selinu, sem væntanlega hefur áður tilheyrt Nesi." segir í Sveitum og jörðum. Bærin og öll útihús voru lögð niður og bæjarstæðið fært neðar, segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 451

**NM-238:002** *Sel* heimild sel

"Sel heitir staður á móum við Litlu-Hrauná alllangt inn og upp frá bæ; þar voru síðar beitarhús ..." segir í Sveitum og jörðum. "Nokkuð fyrir austan Grenishólana og neðar en þeir að miklu leyti er brekka, er liggur frá Stóru-Hrauná og upp að löngum hrygg, er liggur til austurs dálítið neðan við áðurnefnda Stokkhamra. Brekka þessi heitir Selbrekka, en nefndur hryggur er melur að ofan, en gróinn til hliðanna og heiri Selhryggur. ... Skammt austan við Selbrekkuna á móunum sunnan við Litlu-Hraunána stóðu fyrir allmörgum árum beitarhús frá Seljamýri, er Sel hétu, en eru nú niðurlögð." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 451; Ö-Seljamýri, 3

**NM-238:003** heimild lending

"Í Seljamýrarvogi nálægt bæ er hægt að afgreiða allstóra báta við klöpp og lending skammt frá vestan í tanga." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 452

**NM-238:004** heimild

"Hringlaga garðlag í lyngmó utan við tún, líklega nátthagi." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 452

**NM-238:005** heimild mylla

"Vestur frá því [eldra túninu] meðfram fjallinu liggur grassléta -mýri- vestur að Litlu Hrauná. Svæðið frá Seljamýrartúninu og alllangt vestur á mýrina er kallað Myllublá ..." segir í Sveitum og jörðum. "Í Myllublánni var lækur, sem Myllulækur heitir. Þarna eru rústir af myllu, þar var kvörn til að mala korn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Seljamýri, 3-4; Ö-Loðmundarfjarðarhreppur, ath 10

**NM-238:006** *Vörðumelsblá* örnefni

"Vestur frá því [eldra túninu] meðfram fjallinu liggur grassléta -mýri- vestur að Litlu Hrauná.

Svæðið frá Seljamýrartúninu og alllangt vestur á mýrina er kallað Myllublá, en þar fyrir vestan og vestur að Litlu-Hrauná er svæðið kallað Vörðumelsblá." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Seljamýri, 3-4

**NM-238:007** *Borgarhóll* örnefni
"Syðsta svæðið af Seljamýrartúninu heitir Borgarhóll." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Seljamýri, 5

**NM-238:008** heimild brú
"Hrauná var fyrst brúuð um eða eftir miðja 19. öld að frumkvæði Ólafs Ásgeirsssonar bónda í Neshjáleigu, því að fyrir kom, að áin yrði alófær í vatnavöxtum og mátti þá krækja alla leið upp á Fitjar til að komast milli Stakkahlíðar og bæjanna þar fyrir utan." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SM II, 446

**NM-238:009** *Tjaldstapavogur* heimild lending
"Í Tjaldstapavogi var ágæt lending." segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur, ath 11

**NM-238:010** *Tjaldstapavogur* örnefni
"Í Tjaldstapavogi var ágæt lending." segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur, ath 11

## NM-239 Sævarendi

6 hdr. 1695. Klyppsstaðakirkjueign. Í eyði frá árinu 1973. "Landamörk eru að innan við Úlfsstaði (Úlfsstaðapart sunnan Fjarðará) við Hofá, en að utan við Hjálmá suðvestur Hjálmárdal. Hjálmárdalsheiði (650 m) er norðvestan dalsins í Sævarendalandi." SJM II, 462

1918: Tún 1,7 ha, garðar 72 m2. "S er engjalítil jörð, en beitiland sæmilegt, ræktunarskilyrði nokkur með framræslu." 1917: "Tún slétt, í góðri rækt, grasgefið, kalsamt. Engjar reytingssamar, snöggar, greiðfærar, þurrlendar í fjalli, votlendar í blá, hey tæplega í meðallagi [að gæðum]. Sauðfjárbeit góð allt árið, lakari fyrir stórgripi, snjólétt. Fjórubeit góð."SJM II, 463.

**NM-239:001** *Sævarendi* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

**NM-239:002** heimild brú
"Rétt fyrir ofan efri fossinn í Hjálmá er vel hlaðinn brúarkampur að austanverðu." segir í viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Sævarendi viðb, 1

**NM-239:003** heimild fjárhús
Í Sveitum og jörðum segir að torffjárhús fyrir 140 kindur standi.

Heimildir: SJM II, 463

**NM-239:004** heimild lending
"Meðfram sjónum á þessu svæði eru þessi örnefni: Nokkuð fyrir vestan Hjálmá er mjór og

djúpur vogur upp í klettana við sjóinn. Hann heitir Reyðarvogur. Þar er stundum tekið af bátum, þegar austanátt er og ókyrr sjór og vont að lenda að norðanverðu í firðinum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Sævarendi, 1

**NM-239:005** *Biskupsgil* örnefni

"Á nokkru svæði næst Hjálmá austast í Sævarendalandi eru klettalaustar grasigónar brekkur frá sjávarklettum og upp í mynni Hjálmárdals. Svæði þetta heitir Neðri- og Efri-Strandarbrekka. Að vestan við Neðri-Strandarbrekkuna er djúpt klettagil, er Biskupsgil heitir. Nær það frá sjó nokkuð austan við Lundún og upp að enda á hjalla í fjallinu, er Neðsti-Hjalli heitir." segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum segir heimildamaður að sig minni að sagnir séu um að biskup hafi hrapað þar.

Heimildir: Ö-Sævarendi, 1; Ö-Sævarendi ath, 1

**NM-239:006** *Húsárdalur* örnefni

"Svæðið frá gili þessu og vestur að Efsta-Hjalla, er er ofan við áðurnefndan Miðhjalla, eru brattar urðir, sem ná frá neðstu klettunum í fjallinu Gunnhildur og niður á Neðsta-Hjalla [sjá 005]. Efsti-Hjallinn nær frá Gunnhildarurðum og vestur að Húsá. Upp af vesturendanum á Efsta-Hjallanum er hvilft í fjallið er Hásárdalur heitir." segir í örnefnalýsingu. "Húsá kemur úr Húsárdal, og eru einhverjar sagnir til um það, að þar hafi verið hús til forna." segir í viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Sævarendi, 2-3; Ö-Sævarendi ath, 1

**NM-239:007** *Naustatangi* heimild uppsátur

"Túnið á Sævarenda liggur milli mýra þessara og Fjarðarár. Niður undir túninu austan til er tangi við Fjarðarána, er Naustatangi heitir." segir í örnefnalýsingu. "Í Naustatanga var uppsátur og róið til fiskjar." segir í viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Sævarendi, 3; Ö-Loðmundarfjarðarhreppur ath, 3

**NM-239:008** tóft fjárskýli

"Rétt vestan við Hjálmá eru gamlar rústir. Þar er fjárborg. Spurning er, hvernig á þessum rústum standi, hvort þær eru frá Sævarendi eða Hjálmárströnd." segir í viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Sævarendi viðb, 1

**NM-239:009** *Pétursklöpp* heimild

"Um 1930 urðu óskaplega mikil skriðuföll ofan við Pétursklöpp, en uppi á brekkubrúninnu voru áður eins og þústir. Þar hefur e.t.v. verið kofi eða einhver Pétur búið í honum. Brekka þessi er 15-20 metra löng." segir í viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur ath, 2

**NM-239:010** *Hesthúsvað* heimild vað

"Rétt vestan við Sævarendatúnið er vað á ánni, er Hesthúsvað heitir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fjarðaráin, 2

**NM-239:011** *Hesthúsvað* örnefni hesthús

"Rétt vestan við Sævarendatúnið er vað á ánni, er Hesthúsvað heitir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fjarðaráin, 2

## NM-239b Hjálmársströnd

1397 er getið um hvalreka á básum ytan við Hjálmárströnd í Valþjófsstaðamáldaga. DI IV, 211. 1397: Hjámá nefnd í máldaga Klyppsstaðar. DI IV, 223. 1570 og síðar er Hjálmárströnd nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681. Hjálmsströnd býli í eyði þegar ferðabók ÓO var gerð. Þar er getgáta um um að bærinn hafi verið kirkjustaður. HÞ: Hjálmárströnd rétt, Árbók 1923, 92. Jörðin er talin fullgilt býli 1861 en er ekki nefnd í Johnsen 1847, næsta jörð við hana er Sævarendi og því fær hún b númer þaðan. Ysta jörð í Loðmundarfirði. í eyði síðan 1903.

"Tó heitir lágur tangi grasivaxin rétt innan við mörk. Hann mun hafa verið sleginn, svo og hjallar víðs vegar um fjall og líklega eitthvað upp með Hjálmá. Annars var jörðin mjög engjalítil, en 50-60 hesta mátti þó reyta saman. Bærinn stóð niðri við sjó skammt utan við Hjálmá, túnbali í kring, röskur hálfur hektari að flatarmáli og upp af stöllóttar hlíðar með botnum og hjallaræmum norðan í Innra- og Ytra-Rjúpnafelli og Fjallahnaus ..." 1917: "Tún 0,6 ha. greiðfært og ekki illa fallið til ræktunar, taða 30-40 hb. meðan ábúð var. Engjar ekki vel grasgefnar, greiðfærar, á víð og dreif um landið, meirihlutinn til fjalls, hálfþurrar, engjavegur langur og brattur, úthey 50-60 hb. Beitiland ágætt fyrir sauðfé allt árið." SJM II, 464

**NM-239b:001** *Hjálmarsströnd* bæjarstæði bústaður
"Bærinn stóð niðri við sjó, skammt utan við Hjálmá, túnbali í kring, röskur hálfur hektari að flatarmáli ..." segir í Sveitum og jörðum. Öll húsin voru rifin og flutt brott.
Heimildir: SJM II, 464

**NM-239b:002** heimild leið
Engjar ekki vel grasgefnar, greiðfærar, á víð og dreif um landið, meirihlutinn til fjalls, hálfþurrar, engjavegur langur og brattur, úthey 50-60 hb. Beitiland ágætt ffyrir sauðfé allt árið." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 464

**NM-239b:003** heimild lending
"Útræði hefur vafalaust verið frá H fyrr á tímum. Þar er lending, að vísu slæm, í litlum hringmynduðum vogi vestan í Tóartanganum, og fleiri voru raunar lendingar, t.d. í Bæjarbási niður af túni." segir í Sveitum og jörðum. "Vestan í Tónni er hringamyndaður stuttur vogur, fremur grunnur, er Ker heitir. Þar er hægt að lenda á smábátum, er sjór er ládauður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 464; Ö-Hjálmarströnd, 1-2

**NM-239b:004** heimild lending
"Útræði hefur vafalaust verið frá H fyrr á tímum. Þar er lending, að vísu slæm, í litlum hringmynduðum vogi vestan í Tóartanganum, og fleiri voru raunar lendingar, t.d. í Bæjarbási niður af túni." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 464

**NM-239b:005** heimild uppsátur
"Útræði hefur vafalaust verið frá H fyrr á tímum. Þar er lending, að vísu slæm, í litlum hringmynduðum vogi vestan í Tóartanganum, og fleiri voru raunar lendingar, t.d. í Bæjarbási niður af túni." segir í Sveitum og jörðum. "Vestan við bás þennan [Maríubás] liggja afhallandi klettar í sjó fram inn að örðum bás nokkru vestar, neðan túnið, sem var á Hjálmárströnd, er heitir Bæjarbás. Austanvert í þessum bás var bátauppsátur, þegar búið var á

Hjálmárströnd." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 464; Ö-Hjálmárströnd, 2

**NM-239b:006** vegur leið
Í Sveitum og jörðum segir að vegurinn heim að bænum hafi verið slæmur.
Heimildir: SJM II, 464

**NM-239b:007** *Strandavogur* heimild lending
"Skammt fyrir austan bátauppsátrið er stuttur vogur upp í klettunum er heitir Strandavogur. Þar var áður tekið af og á báta, þegar Hjálmárströnd var í byggð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjálmarsströnd, 2-3

**NM-239b:008** *Kaupmannsstapi* þjóðsaga
"Austan undir Tónni [sjá 003] er sérstæður stapi í sjónum skammt frá klettunum. Hann er jafnhár klettunum í Tónni, grasivaxinn að ofan. Nafn hans er Kaupmannsstapi." segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum segir: "Gömul sög er að Finnur nokkur kaupmaður hafi stokkið í fullum herklæðum út í stapann og grafið þar sverð sigg og skjöld og sagt að þeir mættu eiga sem léku þetta eftir, en engum hefur hingað til tekist að komast þangað (Stapinn er ókleifur ca. 60-70 m. hár og 30-40 m. frá landi). Fyrst á eftir var stapinn kallaður Finnsstapi, en síðar breitt í Kaupmannsstapa."
Heimildir: Ö-Hjálmarsströnd, 1; Svör við spurningum

**NM-239b:009** *Grímkelsgerði* örnefni
Kirkjan í Klyppsstað á fjóðrung reka frá Grímkelsgerði til Hjálmár.
Heimildir: DI IV, 223

## NM-240 Klyppstaður

Kirkjustaður. 10 hdr. 1695. Kirkjan er nefn í kirknaskrá Páls frá um 1200 DI XII, 4. Máldagi frá um 1367, "Mariukirkia a Klifstad j Lodmundarfirdi ä alltt heima land med gognum oc giædum. skog j stackahlijdar land firir ofan reidgotur nedri vt til Hraunär so langt sem skogur vex vpp. og til geilar þeirrar sem geingur fyrer framan titlingshol. Hun ä xiiij fota torfgrof j sama jardar land fyrer vtan skaga skog j vlfstada land. frä hofsä til lækiar þess er næstr fellur fyrer framan fremri hops gierdi. Annan skog j sama land vt frä mel ä til lækiar er næstur er oc klyfs vppi skog j arnastada land frä melä til lækiar er næstvr rennur arnastodum. Skog j hleidargardz land fra fremra skeide til ytra skeidz ofan ad myre fyrer nedann äs enn næsta oc vpp j fliot. hun a fiordung j reka frä Grimkelsgile til Hialmär. allann reka fra Hialmä til melrackaþufu. sem stendur vt fra vatni fætinum nedra j stackahlijd. sem kollud er fiskitiornn sionhending j sio vt. þadann þridiung j ollum reka til Hraunar. skipgongu j alvidrisvogi j neslandi. DI III, 239-240.

Kirkjustaður, nefnd ein ónafngreind eiðihjáleiga 1670. HÞ: Klyppsstaður réttast. Árbók 1923, 92. Jörðin í eyði frá árinu 1961. "Landamörk eru að utan við Stakkahlíð og Úlfsstaðamörk við Norðdalsá og Fjarðará að innan, þar sem Fjarðará þverbeygir austur undir fjall, og að sunnan (neðan) eru mörkin við Fjarðarána." SJM II, 456. 1847: Túnið er í meðallagi stórt, en er hætt við kala, og fást af því mest 100, en minnst 30 hestar. Eingjar eru víðlendar, harðvelli og mýrar bæði, en þær liggja mjög undir ágangi gripa annara." JJ 1847, 368. 1918: Tún 5,2 ha, garðar 200 m2. "Í Klyppsstaðalandi er gróðursæld mest og engjalönd með hreinum ágætum. Ef engjar stóðu á sínu tvö ár eð alengur, mátti lyfta ljáfarfyllunum sem

torfu. ... Norðrudalur liggur til norðvesturs milli Miðfells og Herfels og á K dalinn norðan ár. Þar eru víðáttumikl slægjulönd á hallandi ennum móti suðvestri og ofar kvistlendi og harðvellisbrekkur ... Kirkjuá hefur einnig borið aur á tún, síðast 1930, er hún spillti því stórlega og tók af fjárhús. Túnið er slétt frá náttúrunnar hendi, en jarðgrunnt og ekki sprettumikið. Prýðisgott engjastykki er í harðvellisbrekkum utarlega í landi milli Hjáleiguár og Skaga. Það kallast Grænhnausaengi, mómýri á jafnsléttunni fyrir neðan." SJM II, 456-457.

**NM-240:001** *Klyppstaður* bæjarhóll bústaður

"Kirkjuá kemur úr Miðdal og fellur niður með ytri túnjaðrinum. Við ber, að hlaup koma í ána, t.d. 1672, er hún hreif gaflinn úr baðstofunni á aðfangadaskvöld ... Þá var bærinn færður." segir í Sveitum og jörðum. "Gamli bærinn stóð á hlaðinu og er hann enn uppi standandi sem hlaða. Vestan við hann var síðar (þ.e. eftir að hætt var að búa í honum) byggt fjós, hesthús og útieldhús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 457; Ö-Klippsstaður, 7

**NM-240:002** heimild kirkja

Kirkjan stendur enn byggð árið 1891.

KLYPSSTAÐIR Í LOÐMUNDARFIRÐI (NM) -Maríu

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 4

[1367]: clxv. Mariukirkia a klyfstodum a alltt heimaland med ollum gognum og giædum.

hier ber allt samann vid vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 233

[1367]: Klipstadur. Gamall maldagi.

Mariukirkia a Klifstad j Lodmundarfirdi ä alltt heima land med gognum oc giædum. skog j stackahlijdar land firir ofan reidgotur nedri vt til Hraunär so langt sem skogur vex vpp. og til geilar þeirrar sem geingur fyrer framan titlingshol. Hun ä xiiij fota torfgrof j sama jardar land fyrer vtan skaga skog j vlfstada land. frä hofsä til lækiar þess er næstr fellur fyrer framan fremri hops gierdi . Annan skog j sama land vt frä mel ä til lækiar er næstur er oc klyfs vppi skog j arnastada land frä melä til lækiar er næstvr rennur arnastodum. Skog j hleidargardz land fra fremra skeide til ytra skeidz ofan ad myre fyrer nedann äs enn næsta oc vpp j fliot.

Hun a vj. kyr. veturgamalt naut oc kalf. x aura j virdingar fie.

hun a fiordung j reka frä Grimkelsgile til Hialmär. allann reka fra Hialmä til melrackaþufu. sem stendur vt fra vatni fætinum nedra j stackahlijd. sem kollud er fiskitiornn sionhending j sio vt. þadann þridiung j ollum reka til Hraunar. skipgongu j alvidrisvogi j neslandi.

Hun ä kluckur iij. merki ij. mariuskriptt. krossa ij. alltarisklædi ij. alfær messuklædi. eina kantara kapu. vj. aura j bokum. þelahogg. baxturjarn.

þangad liggia tijvnder med lysetollum af ollum bæium j lodmundarfirdi. eru ij. bænhus oc takast vj. aurar af huoro.

þar skal bua prestur.

Jtem a kirkian lambeldi a ollum bæium j lodmundafirdi.

Herra Oddgeir Byskup gaf henni. vj. ær oc bokakistu er hann vijgdi hana; Máld DI III 239-240

1397: a alltt heimaland med gognumm oc giædum [+skógarteiga, gröf, reka]

þangad liggur tiund med lysitollum af ollum bæiumm j Lodmundarfirdi.

er bænhvs eitt oc takazt af vj aurar.

þar skal vera prestur.

lambeldi af ollum bæiumm.

Herra Otthgeir biskup gaf vj ær; Máld DI IV 223-224

1575: Máld DI XV 688-689

27.2.1880: Klyppsstaðaprestakall lagt niður og Klyppsstaðasókn lögð undir Dvergastein; (PP, 19) [lög]

22.3.1890: Klyppsstaðaprestakall endurreist, en engir var þar prestur eftir það; (PP, 19) [lög]
Heimildir: SJM II, 456

**NM-240:003** heimild

“Norðan undir Svartafellinu er hjalli, sem byrjar skammt vestan við Húsá [sjá NM-239: 006] og nær vestur að Hofsá.” segir í örnefnalýsingu. “Hofsá hef ég grun um að heitir svo, af því að hof hafi til forna staðið á móti henni í Kleppstaðanesi.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu. Samkvamt þjóðsögunni áttu fornmenn þeir er bjuggu í Loðmundarfirðir hof við Hofsá, undir Gunnhildarfjalli.

Heimildir: Ö-Sævarendi, 3; Ö-Sævarendi ath, 1; ÞSS 1986 VI, 51

**NM-240:004** bæjarstæði býli

JJ: “...og er 1670 með henni talin eyðihjáleiga, ónefnd.”

Heimildir: JJ 1847, 362

**NM-240:005** *Klyppsstaðahjáleiga* bæjarstæði býli/beitarhús

“Í Eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar eru nefnd 3 afbýli frá K, Klyppsstaðahjáleiga, Norðdalssel og Grímsstaðir. Hjáleigan var við brekkufót utan við Kirkjuá, byggð 1703, en mun hafa lagst í eyði um miðja 18. öld; þar voru síðar beitarhús og túnblettur.” segir í Sveitum og jörðum. “Efst á þessari sléttu [Klyppsstaðablá] upp við hallandi land, sem tekur við fyrir ofan, spölkorn fyrir utan Klippsstað, eru beitarhús frá Klippsstað og nokkurt tún í kringum þau.” segir í örnefnalýsingu. Líklega sama og 004. Í skrá ÓO getur um Staðarhjáleigu sem var í eyði frá 1746.

Heimildir: SJM II, 456; Ö-Klippsstaður, 2; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 183; ÓO: Ferðabók II, 143

**NM-240:006** *Norðdalssel* bæjarstæði býli

“Í Eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar eru nefnd 3 afbýli frá K, Klyppsstaðahjáleiga, Norðdalssel og Grímsstaðir. ... Norðdalssel var á Norðdal skammt frá Reykjafossi í ánni. Þar var síðast búið 1750 og eftir það beitarhús og vafalaust sel fyrr eða/og síðar, því að fjöldi seljaörnefna er þar umhverfis.” segir í Sveitum og jörðum. “Vestan við Selgonturnar og Selmýrina er lækur, er Sellækur heitir; hann sprettur fram úr hæðabrúnunum norðvestan við Selgonturnar. Skammt vestan við hann, inn af Selmýrinni, eru fallnar húsatættur. Þar voru beitarhús frá Klippsstað fyrir nokkrum árum og dálíð tún í kringum þau, en nú er það allt niðurlagt.” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 004.

Heimildir: SJM II, 456; Ö-Klippsstaður, 3; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 183; ÓO: Ferðabók II, 143

**NM-240:007** vegur leið

“Bláin [Klyppsstaðablá] hefur nú verið framræst ofan vegar, en með vegi er átt við malarborna kerrubraut, sem lögð var þvert yfir blána upp úr aldamótum og er eina vegalagning, sem nefnandi er í Loðmundarfirði.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 457

**NM-240:008** heimild útihús

“Hlöðugrund heitir vestast á túninu, inn með Norðdalsá. ... Miklar tættur af útihúsum voru á Hlöðugrund, á flötinni rétt fyrir neðan Norðdalsárfossinn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Klippsstaður, 7

**NM-240:009** *Klyppstaður* bæjarstæði bústaður

“Kirkjuá kemur úr Miðdal og fellur niður með ytri túnjaðrinum. Við ber, að hlaup koma í ána,

t.d. 1672, er hún hreif gaflinn úr baðstofunni á aðfangadaskvöld ... Þá var bærinn færður." segir í Sveitum og jörðum. "Gamli bærinn stóð á hlaðinu og er hann enn uppi standandi sem hlaða. Vestan við hann var síðar (þ.e. efitr að hætt var að búa í honum) byggt fjós, hesthús og útieldhús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 457; Ö-Klippsstaður, 7

**NM-240:010** *Pétursbhús* heimild fjárhús

"Kirkjuá hefur einnig borið aur á tún, síðast 1930, er hún spillti því stórlega og tók af fjárhús. Túnið er slétt frá náttúrunnar hendi, en jarðgrunnt og ekki sprettumikið." segir í Sveitum og jörðum. "Pétursbhús hétu fjárhús, er stóðu austan við Kirkjuána. Þau tók af í flóði seinni part sumars um 1930." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 457; Ö-Klippsstaður, 7

**NM-240:011** *Grænutættur* tóft

"Grænilækur rennur í Norðurdalsána, skammt fyrir neðan Reykjafoss. Fast við Grænalæk að austan, rétt þar sem Selmýrin byrjar, voru Grænutættur. Ef til vill hafa þar verið beitarhús frá Selinu [006] þegar búið var þar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Klippsstaður,7

**NM-240:012** heimild fjós

"Gamli bærinn stóð á hlaðinu og er hann enn uppi standandi sem hlaða. Vestan við hann var síðar (þ.e. eftir að hætt var að búa í honum) byggt fjós, hesthús og útieldhús." segir í örnefnalýsingu. Gæti hafa verið áfast bænum og þá ekki skráð sér.

Heimildir: Ö-Klippsstaður,7

**NM-240:013** heimild hesthús

"Gamli bærinn stóð á hlaðinu og er hann enn uppi standandi sem hlaða. Vestan við hann var síðar (þ.e. eftir að hætt var að búa í honum) byggt fjós, hesthús og útieldhús." segir í örnefnalýsingu. Gæti hafa verið áfast bænum og þá ekki skráð sér.

Heimildir: Ö-Klippsstaður,7

**NM-240:014** heimild eldhús

"Gamli bærinn stóð á hlaðinu og er hann enn uppi standandi sem hlaða. Vestan við hann var síðar (þ.e. eftir að hætt var að búa í honum) byggt fjós, hesthús og útieldhús." segir í örnefnalýsingu. Gæti hafa verið áfast bænum og þá ekki skráð sér.

Heimildir: Ö-Klippsstaður,7

**NM-240:015** heimild fjárhús

"Hesthús var neðst á túninu, beint niður undan kirkjunni. Í seinni tíð var það notað sem fjárhús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Klippsstaður,7

**NM-240:016** *Hopsgerdi (hofsgerði)* örnefni

"frä hofsä [sjá 003] til lækiar þess er næstr fellur fyrer framan fremri hops gierdi [neðanmáls ritað hofsgerði]."

Heimildir: DI III, 240

**NM-240:017** *Gerði* bæjarstæði býli

Í eiðibýlaskrá ÓO er neft býlið Gerði inn á milli annarra eyðibýla frá K. Þessvegna skráð með K. Gæti verið sama og 016

Heimildir: ÓO: Ferðabók II, 143

## NM-241 Úlfstaðir

12 hdr. 1695, 1847. Í máldaga Klyppsstaðakirkju frá 1367 segir að kirkjan eigi skógartítak í landi Úlfsstaða. DI III, 239-240. 1397: Ú nefnd í máldaga Klyppsstaðar. DI IV, 223. 1506: Þorvarður Bjarnason greiddi Þorvarði príor Úlfsstaði fyrir þær jarðir sem Þorvarður príor keypti af honum. DI VIII, 119-112. Tilheyrði áður Skriðuklaustri. "Bárðarstaðir eru innan við Ú, og liggja engjalönd jarðanna saman. Landamörk eru um stóran stein í Fjarðará, Skjaldarstein, og beina línu þaðan í mitt Herfell, sem gnæfir yfir dalinn. Að utan eru mörk við Klyppsstað. Þá eiga Ú land sunnan Fjarðarár svonefndan Úlfsstaðapart milli þveránna Melár og Hofsár og upp á Hjálmárdalsheiði." SJM II, 458.

1918: Tún 5,9 ha, garðar 140 m2. "Fjarðará fellur krókótt út dalbotninn efitr grassléttu í framhaldi af Klyppsstaðanesi, áþekkri að gróðurfari og að meirihluta sunnan ár, í Úlfsstaðaparti. Þar er t.d. Engines, stærsta engjaspildan á jörðinni." 1917: "Tún í góri rækt og grasgefið, allt greiðfært. Engjar nærtækar, greiðfærar, grasgefnar og samfelldar, en þó sumar til fjalls og langsóttar ... "SJM II, 459.

**NM-241:001** *Úlfstaðir* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

**NM-241:002** *Kolahraun* örnefni kolagröf

"Grjótið í Kolahrauni er allt eins og mulið, eins og kurl, en dökkleitt. Lítilsháttar hrafntinna hefur fundizt í námunda við Kolahraun. Þetta er gróðurlítll hóll með mosaþembing, sívalur og jafn í topp, einstakur að sjá." segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur ath, 5

**NM-241:003** *Ísleifsgerði* bæjarstæði býli/beitarhús

"Fjarðará fellur krókótt út dalbotninn efitr grassléttu í framhaldi af Klyppsstaðanesi, áþekkri að gróðurfari og að meirihluta sunnan ár, í Úlfsstaðaparti. Þar er t.d. Engines, stærsta engjaspildan á jörðinni. Þar var afbýlið Ísleifsgerði yst í Partinum og góð vetrarbeit í brekkunum, dálítið kjarr." segir í Sveitum og jörðum. "Frá Úlfsstöðum: Hof, Hofsgerði og Ísaksgerði (Ísleifsgerði) sunnan Fjarðarár milli Sævarenda og Árnastaða." segir í örnefnalýsingu. Í örenfnaskrá Úlfsstaðaparts segir að beitarhúsatóftir séu á Ísleifsgerðinu, en í athugasemdum segir að einsetumaðurinn Ísleifur hafi búið þar í kofa.

Heimildir: SJM II, 459; Ö-Úlfsstaðapartur, 1; Ö-Úlfsstaðapartur ath, 1; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183

**NM-241:004** *Grímsstaðir* bæjarstæði bústaður

"Niður og austur af Úlfsstaðatúninu er grasslétta, mýri og harðlendi, er heitir Úlfsstaðanes. Austan við það liggur mórani lyngvaxinn ofan að Fjarðaránni, er Svartimór. Austan við Svartamóinn meðfram Fjarðaránni á dálitlu svæði eru grasivaxnir bakkar. Á þeim eru allmiklar gamlar og grónar húsarústir, er Grímsstaðir heita." segir í örnefnalýsingu. "Í Eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar eru nefnd 3 afbýli frá K, Klyppsstaðahjáleiga, Norðdalssel og Grímsstaðir. ... Þriðja býlið var samkvæmt örnefnaskrá eftir Stefán Baldursson í Stakkahlíð í Svartamó í Úlfsstaðalandi." segir í Sveitum og jörðum. Í athugasemdum segir að einsetumaður sem hét Grímur hafi búið þar. SBR. Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.", 183

Heimildir: Ö-Úlfsstaðir, 2; Ö-Úlfsstaðir ath, 1; SJM II, 456

**NM-241:005** *Álfasteinar* þjóðsaga huldufólksbústaður
"Úlfastaðamóarnir [austan við Grímsstaðagil sem er austan við Grímsstaði 004] enda að austan við Norðdalsána í brattri brekku, er Álfasteinabrekka heitir. Upp á brekku þessari eru nokkrir einstakir steinar, sumir stórir, en aðrir minni, er einu nafni heita Álfasteinar." segir í örnefnalýsingu. "Álfasteinar heita sennilega svo, vegna þess að þeir standa í þyrpingu uppi á brekkunni, skrýtnir að lögun, sumir með göt í gegnum sig. Meðan álfatrú var mjög ríkjandi, hefur þetta þótt líkegt álfaaðsetur." Segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Úlfsstaðir, 2; Ö-Úlfsstaðir ath, 1

**NM-241:006** heimild rétt
"Úlfsstaðapartur. Í Réttartanga var rétt allt fram til 1918 eða 1919." segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur ath, 3

**NM-241:007** heimild stekkur
"Í Úlfsstaðamýrum inn með ánni var Stekkjarhús. Þar var útburður." segir í athugasemdum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Loðmundarfjarðarhreppur ath, 5

**NM-241:008** *Hof* bæjarstæði býli
HS: "Frá Úlfsstöðum: Hof, Hofsgerði og Ísaksgerði (Ísleifsgerði) sunnan Fjarðarár milli Sævarenda og Árnastaða."

Heimildir: Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183

**NM-241:009** *Hofsgerði* bæjarstæði býli
HS: "Frá Úlfsstöðum: Hof, Hofsgerði og Ísaksgerði (Ísleifsgerði) sunnan Fjarðarár milli Sævarenda og Árnastaða." Sjá Hofsgerði í Klyppsstaðaskrá.

Heimildir: Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183

**NM-241:010** þjóðsaga
ÞSS: Úlfur á að vera heygður í Úlfsstaðatúni.

Heimildir: ÞSS 1986 VI, 51

## NM-242 Bárðarstaðir

12 hdr. 1695, 1847. 1497: Björn Guðnason geldur og gefur Ragnheiði Bjarnadóttur fyrir þær jarðir sem hún á á Austfjörðum, sem voru m.a. Nes." DI VII, 369. Bærinn stendur í dalsmynninu og mörk við Úlfsstaði heldur innar en mitt á milli bæjar." SJM II, 460. 1918: Tún 4,7 ha, garðar 230 m2. "Túnið náði niður að ánni. Á tveim stöðum innan við tún eru engjastykki og heitir hið innra Selmýrar, en á milli stykkjanna og innan við túnið eru hrísivaxnir urðarhryggir þvert um láglendishöllin. ... Torsóttar fjallaslægjur voru hér og þar um hjalla og gontur í fjalli, m..a. uppi á klettahjöllum að bæjarbaki. ... Engjar voru takmarkaðar, góðar aðvinnslu nema fjallaslægjur, en snöggar, enda oft slegnar mestallar árlega." SJM II, 460.

**NM-242:001** *Bárðarstaðir* bæjarhóll bústaður
"Íbúðarhús 12x7x6 álnir, torf-grjótveggir á 3 vegu, járn á þaki, alþiljað. Síðar steinhús." Segir

í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 461

**NM-242:002** *Bárðarstaðahjáleiga* bæjarstæði bústaður
"Utan við bæ er Bárðarstaðahjáleiga, og náði hjáleiguengið út undir mörk. Hjáleigan er nefnd í eyðibýlaskrá (Múlaþ. 5); þar voru beitarhús og túnblettur." segir í Sveitum og jörðum. "Í Hjáleigutúni voru fjárhús, og fyrrum búið þar." segir í örnefnalýsingu. Það var oft tvíbýla á jörðinni og mun hjáleigan hafa sameinast heimajörðinni, segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 460; Ö-Bárðarstaðir, 3; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183; ÓO: Ferðabók II, 143

**NM-242:003** *Selurð* örnefni sel
"Klifdalur er undir Klifunum utanverðum. Við enda hans hefst Hálsinn, og nær hann heim að Selmýrum. Utan til við þær er Selurð og þá Miðurð. Selurð er mynduð af framburði Selurðarlæks ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bárðarstaðir, 1

**NM-242:004** *Stekkjarhraun* örnefni stekkur
"Móhryggur er ekki eins langur og Hafurgilsurðin. Hann hefst við ána, en nær ekki alveg upp að hjöllunum. Upp undir Hjöllunum eru Stekkjarhraun. Þau byrja utanvert í Hafurgilsurðinni og ná inn í Móhrygginn. Þetta eru klettar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bárðarstaðir, 1

**NM-242:005** *Hesthúsalækur* örnefni hesthús
"Heiman til við Móahrygginn er dálítið engjastykki og beitiland. Upp af því er votlent stykki, sem heitir Votamýri. Hún er svo til í beinu framhaldi af Stekkjarhraunun [004]. Við hlið Votumýrar beint fyrir ofan bærinn heitir Hundabrekka. Hundaenni eru hins vega ekki til. Fast utan við Hundabrekkuna er Hesthúslækur." "Þá [næst eftir 009] kemur Ytra-Hesthústún, og nær það að Hesthúslæknum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bárðarstaðir, 2, 3

**NM-242:006** heimild mylla
"Rétt utan við bæjartúnið rennur Myllulækur, gegnum allvíðlenda móa og mýrar. Við hann er tótt, sem auðséð er, að læknum hefur verið veitt í gegn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bárðarstaðir, 2-3

**NM-242:007** *Hesthústún* örnefni hesthús
"Uppi í horni túnsins lengst til vinstri, þegar staðið er niður við á, er Hesthústún." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bárðarstaðir, 3

**NM-242:008** *Lambhústún* örnefni lambhús
Við hlið þess [007] var Tunga og þá Lambhústún." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bárðarstaðir, 3

**NM-242:009** *Hlöðugrund* örnefni hlaða
"Utan við hann [Hesthúslækinn sjá 006] er Hlöðugrund." segir í örnefnalýsingu. Hún nær niður fyrir veginn.
Heimildir: Ö-Bárðarstaðir, 3

**NM-242:010** þjóðsaga

ÞSS: “Bárður lést heima segja sagnir og það með að haugur hans sé vestur á dalnum frá Bárðarstöðum.”

Heimildir: ÞSS 1986 VI, 51

## NM-691 Fornleifar á fleiri en einni jörð

**NM-691:001** heimild leið

“Mjóusund eru miðja vegu milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. Þar sem farið er upp á Hjálmárdalsheiðina úr Hjálmárdalnum. Mjóausund eru þröng gata milli árinnar og Mjósundakletts og er snarbratt frá götunni niður í ána.” Sjá svör við vp.”Gatan til Seyðisfj[arðar] liggur vestan í honum.” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu. “Um Hjálmárdalsheiði lágu einnig mjög leiðir Loðmfirðinga og Borgfirðinga, ríðandi á sumri og gangandi um vetur.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Svör við spurningum; Ö-Hjálmárströnd ath, 1; SJM II, 443

**NM-691:002** heimild leið

“Um Fitjarnar liggja fjallaleiðir: Upp Hraundal, sem liggur á móti Hraundal á Hérað með 460 m háu varpi, sem einu sinni hefur verið lagt undir bíl. Þar var fyrr gönguleið til Héraðs, en ekki fjölfarin.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 454

**NM-691:003** heimild leið

“Landamörk eru að innan við Úlfsstaði (Úlfsstaðapart sunnan Fjarðará) við Hofá, en að utan við Hjálmá suðvestur Hjálmárdal. Hjálmárdalsheiði (650 m) er norðvestan dalsins í Sævarendalandi. Þar er aðalverslunarleið Loðmfirðinga á Seyðisfjörð, lá fyrst frá bænum með sjónum um snögglenda graslendisjaðra og lækjarskornina, svæðið kallast einu nafni Gil, síðan í æðilangan sveig austur fyrir fjallið Gunnhildi og síðan áfram inn og suður Hjálmárdal til heiðar. Vegurinn er hvergi mjög brattur á þessum hluta leiðar, en öðru máli gegnir Seyðisfjarðarmegin.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 462

**NM-691:004** heimild leið

“Um Fitjarnar liggja fjallaleiðir: Upp Hraundal, sem liggur á móti Hraundal á Hérað með 460 m háu varpi, sem einu sinni hefur verið lagt undir bíl. Þar var fyrr gönguleið til Héraðs, en ekki fjölfarin. Önnur leið liggur um Orustukamb og í Kækjuskörð til Borgarfjarðar, önnur aðalleið þangað.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 454

**NM-691:005** heimild leið

“Suðaustan við fjallið Skæling austan Skollabotna eru melbungur miklar, er liggja austur að Neshálsinum. Sunnan undir þeim er hjalli ... Hjalli þessi heitir Grjótbrún. Vesturendi hans er við Skollabotna, en austurendin nær að Nesjahálsinum. Nokkuð austan til í henni er klauf upp í gegnum klettabrúnina. Hún heitir Sauðaklauf. Niður frá Vesturenda hans liggur brött melbrekka, er Hryggjarbrekka heitir. Um Sauðahöfða, Hryggjabrekku og Grjótbrún liggja götur til Húsavíkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Nes, 2

**NM-691:006** heimild leið

“S[eljamýri] á Skúmahattardal suðaustan ár.  Þar er gönguleið til Húsavíkur.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir:  SJM II, 451

**NM-691:007** heimild leið
“Frá Neshjáleigu liggja götur upp á Nesháls, sem farið er eftir til Húsavíkur.  Þegar farið er upp frá Neshjáleigu, er komið upp að brattri brekku vestan Neshjáleigudalsins.  Neðan undir þessari brekkuer dálítil grasþúfa, er heitir Biskupsþúfa, en brekkan sjálf heitir Oddar.  Göturnar liggja í skásneiðingum upp Odddana.  Þegar kemur lengra norður á Neshálsinn, og liggja göturnar um langan mel, sem vörður eru á og sem heitir Vörðumelur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir:  Ö-Neshjáleiga, 1

**NM-691:008** gata leið
“Neðsta rákin í klettunum austan við Tó heitir Jökull.  Eftir henni er gata, gerð á síðastliðnu sumri [?], sem smalamenn úr Seyðisfirði fara, þegar þeir smala sauðfé á Hjálmarsströnd.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir:  Ö-Hjálmarsströnd, 1

**NM-691:009** heimild leið
“Hestfær leið liggur um Norðdal, Mosdal og Norðdalsskarð til Eiðaþinghár á Héraði.”  segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir:  SJM II, 457

**NM-691:010** heimild leið
“Reiðgötur frá Stakkahlíð til Kækjuskarða liggja um þessa hóla.  Hæsti melurinn í miðjum Hvarfhólnum, sem götur þessar liggja um, heitir Fagrimelur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir:  Ö-Stakkahlíð, 10

**NM-691:011** heimild leið
“[Bárðarstaða]Dalurinn er upp undir 5 km á lengd og stafninn íhvolfur.  Þar liggur fjölfarnasta leið til Héraðs upp brattar brekkur og tvö sveigmynduð klettaklif 20-30 m há hvort, nær þverhnípt og ófært með hesta, nema þar sem lagað hefur verið og gerðar skágötur svo brattar, að varla er sætt á hestbaki.  Frá efra klifinu liggja götur norðvestur með Fjarðarárdrögum upp á Tó með Tóarvatni á Eiðaþinghármörkum í 659 m hæð yfir sjó.” segir í Sveitum og jörðum. segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir:  SJM II, 46

## NM-692 Óstaðsetjanlegar fornleifar

**NM-692:001** heimild bænhús
Í máldaga kirkjunnar frá 1367 segir að 2 bænhús séu í sókninni  en í máldaga frá árinum 1397 er aðeins eitt bænhús.
Heimildir:  DI III, 239-240; DI IV, 223-224

**NM-692:002** heimild bænhús
Í máldaga kirkjunnar frá 1367 segir að 2 bænhús séu í sókninni  en í máldaga frá árinum 1397 er aðeins eitt bænhús.

Heimildir: DI III, 239-240; DI IV, 223-224

**NM-692:003** *Kolsstaðir* bæjarstæði býli

"Á Austfjörðum var svo til í fyrndinni að úti fyrir Loðmundarfirði svokölluðum strandaði þar sjóforningi sem Kolur hét. En hann náði landi, fer svo til sveita og reisir bú á þeim bæ sem Kolsstaðir heita, en svo fór að hann náði mestöllu skipi sínu. Býr hann svo þarna í þrjú ár, en lætur flytja skip sitt og allt sem hann átti inn í svokallaðan Norðdal ..." Ekki víst að þetta sé innan skráningarsvæðis.

Heimildir: ÞJÁ IV, 123

**NM-692:004** *Herfell* örnefni

"Mörg eru örnefni í Loðmundarfirði er benda á bardaga og minna þegjandi á marga sögulega viðburði, sem sem Herfell. Þar segja menn að her manna hafi dvalið og þótti þaðan víðsýni mest ..."

Heimildir: ÞSS 1986 VI, 48

# Heimildaskrá

*Biskupasögur* I-II, Kaupmannahöfn 1858, 1878

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers* Lundi 1967

Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum” *Múlaþing V, 1970,* bls. 172-187.

Hannes Þorsteinsson: “Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi” *Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1923*, bls. 1-96.

*Islandske Annaler indtil 1578,* Kristjania 1888

*Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

*Íslenzk fornrit* I- Reykjavík 1933-

*Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon* I-XI Reykjavík 1982-1993

J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

*Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1992.

Matthías Þórðarson: “Skýrsla um viðb. við Þjóðminjasafnið árið 1915 (frh)” *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1917*, 16-35

Ólafur Olavius: *Ferðabók* I-II, Reykjavík 1964.

Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, 2. útg. Reykjavík 1950.

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II Egilstaðir 1975

Sigurður Vigfússon: “Rannsókn í Austfirðingafjórðungu 1890” *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1893*, 28-60

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1918. Loðmundarfjarðarhreppur.

Ö-Árnastaðir, *Árnastaðir,* Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Bárðarstaðir, *Bárðarstaðir*, Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Fjarðaráin, *Fjarðaráin*, Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hjálmarsströnd, *Suðurbyggðin. Hjálmársströnd*, Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hjálmarsströnd svör, *Hjálmárströnd. Svör við spurningum*. Örnefnastofnun.

Ö-Klippsstaður, *Klippstaður,* Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Loðmundarfjarðarhreppur ath, *Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Loðmundarfjarðahrepps*, Guðjón Friðriksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Loðmundarfjörður, *Loðmundarfjörður,* Stefán Baldvinsson skráði. Örnefanstofnun.

Ö-Nes, *Nes*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Neshjáleiga, *Neshjáleiga*, Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Neshjáleiga B, *Neshjáleiga*, Björn Halldórsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Seljamýri, *Seljamýri*, Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Seljamýri ath og viðb, *Seljamýri*. Athugasemdir og viðbætur, Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Stakkahlíð, *Stakkahlíð,* Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Stakkahlíð ath, *Stakkahlíð*. *Athugasemdir*, Ásta Stefánsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Sævarendi, *Sævarendi*, Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Sævarendi viðb, *Sævarendi. Viðbætur*. Örnefnastofnun.

Ö-Úlfsstaðir, *Úlfsstaðir*, Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Úlfsstaðapartur, *Úlfsstaðapartur*, Stefán Baldvinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Úlfsstaðapartur ath, *Úlfsstaðapartur*. *Athugasemdir*, Ásta Stefánsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Úlfsstaðir ath, *Úlfsstaðir*. *Athugasemdir*, Ásta Stefánsdóttir skráði. Örnefnastofnun.